

meðdómsmönnum Sveinbirni Á Sveinssyni og Sigurjóni Ingvarssyni skipstjórum.

Dómsorð:

Ákærði, Leslie Alfred Cumby, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. júní 1966.

Nr. 74/1966. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Hjörvari Þór Jóhannessyni

(Örn Clausan hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa lögreglumennirnir Páll Janus Pálsson, Guðmundur Þ. Sigurðsson og vitnið Örn Friðriksson gefið skýrslu fyrir dómi og staðfest vætti sín. Þá hefur ákærði gefið framhaldsskýrslu fyrir dómi.

Aðfaranótt sunnudagsins 6. marz 1966 var ákærði á samkomu á Patreksfirði. Neytti hann þar áfengis, og um kl. tvö um nóttina, er samkomunni var lokið, ók hann bifreið sinni, B 349, um götur á Patreksfirði, unz bifreiðin stöðvaðist hjá húsinu nr. 97 við Aðalstræti. Lögreglumennirnir, Páll Janus Pálsson og Guðmundur Þ. Sigurðsson, hafa borið, að í umrætt sinn hafi þeir verið í bifreið í leit að ákærða vegna gruns um akstur hans undir áhrifum áfengis og handtekið hann, þegar akstri hans lauk. Samkvæmt skýrslu rannsóknarstofu Jóns prófessors Steffensens, dags. 11. marz 1966, reyndist vinandamagn í blóði ákærða nema 1.93‰.

Þykir ákærði sannur að sök um brot gegn lagaákvæðum þeim, sem í ákæru greinir. Er refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, kr. 6.000.00

Það athugast, að héraðsdómari ákveður ákærða sektarrefsingu, þótt hann færi brot ákærða undir 4. mgr. 80. gr. laga nr. 26/1958.

Dómsorð:

Ákærði, Hjörvar Þór Jóhannesson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Barðastrandarsýslu 31. marz 1966.

Ár 1966, fimmtudaginn 31. marz kl. 1700, var í sakadómi Barðastrandarsýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins á Patreksfirði af hinum reglulega dómara, Ásbergi Sigurðssyni sýslumanni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 11/1966: Ákærvaldið gegn Hjörvari Þór Jóhannessyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er með ákæruskjali saksóknara ríkisins 26. þ. m. höfðað gegn Hjörvari Þór Jóhannessyni, Stekkum 13, Patreksfirði, fæddum 2. júlí 1943 á Patreksfirði, fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 6. febrúar 1966 undir áhrifum áfengis bifreiðinni B 349 um Urðargötu, Strandgötu og að húsinu nr. 97 við Aðalstræti á Patreksfirði, þar sem akstri lauk.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr.

umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-
leyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24.
gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 2. júlí
1943. Hann hefur áður sætt kærum og refsingum, sem hér segir:
1962 25/10 í Barðastrandarsýslu: Sátt, 100 kr. sekt fyrir of-
marga farþega hjá ökumanni.

1964 5/11 — Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfeng-
islaga.

Samkvæmt eigin játningu ákærða fyrir dómi svo og öðrum
gögnum málsins eru málavextir þessir:

Sunnudaginn 6. marz s.l. kl. 0230 var lögreglan á Patreksfirði
á eftirlitsferð um Aðalstræti og veitti þá eftirtekt bifreiðinni
B 349, sem var ekið með hærri ljósunum. Hafði lögreglan tal
af ökumanninum, Hjörvari Þór Jóhannessyni, sem viðurkenndi
að vera undir áhrifum áfengis, og fór með hann til blóðtöku hjá
héraðslækni. Ákærði hafði ásamt kunningja sínum komið nið-
ur að Samkomuhúsinu Skjaldborg um kl. 0100. Komust þeir fé-
lagar inn í anddyri hússins, og þar drakk ákærði 4—5 sopa af
Vodka hjá kunningja sínum. Dansleiknum í samkomuhúsinu lauk
kl. 0200, og voru þeir félagar meðal þeirra síðustu, sem fóru
frá samkomuhúsinu. Fóru þeir félagar í bifreið ákærða, B 349,
þar sem hún var í Urðargötu, og ók ákærði bifreiðinni yfir á
Strandgötu og eftir henni endilangri og inn í Aðalstræti að hús-
inu nr. 97, en þar drap bíllinn á sér, og lögreglan tók ákærða,
sem fyrr segir.

Ákærði mætti í sakadómi 21. marz s.l. og viðurkenndi, að hann
hefði ekið bifreið sinni undir áhrifum áfengis í umrætt skipti.
Ákærði vefengdi ekki, að blóðrannsóknin ætti við hann né held-
ur mótmælti hann niðurstöðu hennar, sem sýndi, að í blóði hans
hafi fundizt „reducerandi“ efni, er samsvari 1.93‰ af alkóhóli.
Dómari ákvað að svipta ákærða ökuréttindum til bráðabirgða,
og afhenti hann ökuskírteini sitt í dóminum 21. marz s.l.

Samkvæmt framansögðu verður að teljast nægjanlega sannað,
að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreið-
inni í umrætt sinn.

Með því að broti er rétt lýst í ákæru og það fært til réttra
refsiviðurlaga, ber að taka til greina allar kröfur ákæruvaldsins
í máli þessu. Refsing ákærða samkvæmt 45. gr. áfengislaga nr.

58/1954 og 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 2.000 króna sekt í ríkissjóð, en vararefsing 10 daga varðhald, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuréttindum í 1 ár frá 21. marz 1966 að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar. Dóm þennan kvað upp Ásberg Sigurðsson sýslumaður.

Dómsorð:

Ákærði, Hjörvar Þór Jóhannesson, greiði 2.000 króna sekt í ríkissjóð, en sæti 10 daga varðhaldi, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 1 ár frá 21. marz 1966 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. júní 1966.

Nr. 24/1966. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Gunnari Ferdinand Guðmundssyni

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn kvað upp Haraldur Henrysson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í máli þessu, og hafa endurrit þeirra verið lögð fram í Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að